

Þessi íslenska þýðing er aðeins stytta, aðallega af efni, sem tengist ekki beint Dr. Jóhönnu Budwig, t.d. nokkrir vitnisburðir, jafngóðir og þeir, sem birtir eru, en lengdu bara greinina. Guðbjartur Sturluson

Upphaflegu greinina er að finna á eftirfarandi vefsíðu:

<http://cancertutor.com/Cancer/Budwig.html>

og hér er vefsíða, sem fræðir okkur meira um Dr. Jóhönnu Budwig

<http://www.budwigcenter.com/johanna-budwig-biography.php>

Einnig kemur upp fjöldi greina, ef maður "gúgglar" nafnið hennar.

Þessi þýðing er gerð með leyfi: "The Independent Cancer Research Foundation, Inc."

Matarkúr Dr. Budwig - Hörfræolía og kotasæla

## Kotasæla og Hörfræolía.

eftir Mike Vrentas.

Independent Cancer Research Foundation, Inc

**Mat á meðferðinni:** Þetta er mjög áhrifarík krabbameinsmeðferð, en samt sem áður, ætti ekki, að nota hana eina og sér. Þessi meðferð er venjulega hluti af heildar meðferð og notuð til þess, að stilla sjúklinginn af og vinna tíma fyrir fleiri áhrifaríkar meðferðir. Sem dæmi má nefna Collect-Budwig meðferð, Bill Henderson meðferðina o.þ.h.

[Chapter on Treatments Rated For Advanced Cancer Patients](#) .

---

### **Budwig kenningar - Meðferð við krabbameini og öðrum sjúkdómum.**

---

Ath: Þessi grein er "Annar hluti" í Collect-Budwig kenninga gegn krabbameini. Collect-varan, og Budwig Matakúrin eru mjög samverkandi þættir. Vegna þess hvernig Internet leitarvélar vinna, þá er það ekki viturlagt að hafa lengri greinar á einni vefsíðu. Þess vegna eru greinum stundum skipt í sundur. Hér er tengill á Hluta 1 af Collect-Budwig grein:

[http://www.cancertutor.com/Cancer02/Collect\\_Budwig.html](http://www.cancertutor.com/Cancer02/Collect_Budwig.html)

---

Í leit minni á vefnum, hefur mörgum sinnum verið vísað á nafn Dr. Jóhönnu Budwig. Í greinunum er nefnt, að Dr. Budwig notaði lífræna hörfræolíu ásamt lífrænni, lágfitu, kotasælu til þess, að koma í veg fyrir og lækna krabbamein og langvarandi sjúkdóma. Ég hristi bara höfuðið í vantrú, og án þess, að gefa því frekari gaum, fór ég í aðrar rannsóknir. Ég var ekki reiðubúinn að eyða tíma í þessar greinar. Fyrir mér var þetta glórulaust, og ég sá ekki hvernig þetta gæti virkað. En þetta var mjög vanhugað af minni hálfu.

Ef þú ert að skoða þetta vefsvæði, vegna ástvinnar, fjölskyldumeðlims eða vinnu, sem þjáist vegna tímabundins eða langvarandi sjúkdóms\*, þá er þetta ein af mikilvægustu upplýsingunum, sem ég hef rekist á, í þúsundum klukkustunda athuganna á vefnum. Vinsamlegast taktu þér tíma til að lesa þetta vandlega, þar sem þessi kenning getur bjargað lífi einhvers.

\* Terminal and Chronic disease = er hugtak yfir ólæknanlega sjúkdóma, annars vegar þar sem sjúkdómurinn leiðir til dauða sjúklingsins (terminal disease) og hins vegar þar sem sjúklingurinn deyr ekki vegna sjúkdómsins (chronic disease), heldur lifir með honum. Í þýðingunni er þetta nefnt "tímabundinn" (terminal) og "langvarandi" (chronic) sjúkdómur. gs

Ef þú þekkir nú þegar, fræðilega, hvernig Budwig-kúrin verkar, þá geturðu farið strax að kaflanum "Budwig kenningin og næringaraðferðin (matarkúrin)". Þar verður þér leiðbeint með, hvað á að kaupa og hvernig á að blanda lífrænu hörfræolúna og lífrænu, lágfitu, kotasæluna, ásamt nokkrum upplýsingum um næringaraðferðina.

Til þess, að skilja hvað hér er verið að fjalla um, þá verðurðu að kaupa bókina hennar Budwig (og hún er ekki dýr; [Alibris.com](http://Alibris.com)). Kenningar Dr. Budwigs fjalla um miklu meira, heldur en bara hörfræolú og kotasælu. Ef þú ert, að kynnast þessu í fyrsta skipti núna, þá verðurðu, að lesa þessa grein til enda, til þess að fá innsýn í, hvernig þessar kenningar verka á líkamann. Þetta er mjög öflugur kúr, þegar hann er gerður á réttan hátt, og hefir læknað þúsundir manna með, bæði langvarandi og tímabundna sjúkdóma.

Einn daginn ákvað ég að taka mér tíma til að byrja, að rannsaka Dr. Budwig. Mig langaði að vita hver hún væri og læra meira um kúrin hennar. Ég hafði ekki hugmynd um, að tveimur mánuðum síðar, eftir að hafa lesið þrjár bækur hennar, þýddar úr þýsku yfir á ensku og kembangandi internetið, væri ég ennþá, að kynna mér verk hennar. Ég var að reyna mitt besta, til að skilja þessar kenningar, svo ég gæti komið þeim áleiðis til annarra. Ég held, ég skilji núna, af hverju það virðist virka svo vel. Eftirfarandi eru niðurstöður rannsóknar minnar.

Dr. Budwig fæddist í Þýskalandi árið 1908. Hún lést árið 2003, 95 ára. Hún hefur verið talin fremst meðal evrópskra krabbameinsvísindamanna, lífefnafræðingur, blóðsérfræðingur, lyfjafræðingur og eðlisfræðingur. Dr. Budwig var sjö sinnum tilnefnd til Nobelsverðlauna fyrir störf sín.

Í Þýskalandi, árið 1952, var hún aðal ráðgjafi ríkisstjórnarinnar í fitu og lyfjum. Hún er talinn einn fremsti sérfræðingur á heimsvísu, í matarolíum og fitu. Rannsóknir hennar hafa sýnt fram á gífurleg áhrif, sem unnin feiti (hertar fitur) og olíur hafa á, og eyðileggja frumveggi og lækka spennu í frumum líkama okkar, sem síðan leiða til langvarandi og tímabundinna sjúkdóma. Það, sem við höfum gleymt er, að líkami okkar er hlaðinn rafmagni.

Frumurnar í líkama okkar eru drifnar áfram af rafhleðslum. Þær hafa kjarna í miðjunni, sem er jákvætt hlaðinn og frumvegg, sem er neikvætt hlaðinn. Við erum öll meðvituð um hvernig fita stíflar æðar okkar og slagæðar, og eru aðalorsök hjartaáfalla, en við höfum

aldrei skoðað ofan í kjölinn, hvernig þessar mjög hættulegu olíur og fitur hafa áhrif almennt, hvernig líkamsfrumur okkar vinna og hvernig þeim vegnar.

Dr. Budwig uppgötvaði, að þegar ómettuð fita hefur verið efnafræðilega meðhöndluð, þá eru ómettaðir eiginleika hennar eyðilagðir og sviði rafeindanna eytt. Þessi iðnaðar meðhöndlun á fitunni eyðileggur rafeindasviðið í veggjum frumnanna (60-75 trilljón frumur) í líkama okkar, svið, sem þær verða að hafa til þess, að virka almennilega (þ.e. virka rétt).

Möguleiki fitunnar til þess, að tengjast við prótein, og þannig að ná vatnsleysni í vökva líkamans --- er alveg eytt. Eins og Dr. Budwig orðaði það, “Rafhlaðan er dauð, vegna þess að rafeindirnar í þessum fitum og olíum endurhlaða hana” (en geta það ekki) . Þegar rafeindirnar eru eyðilagðar, er fitan ekki lengur virk og getur ekki flætt í gegnum háráðnetið. Þetta er það, sem gerist, þegar hringrásarvandamál koma upp.

Án réttis umbrots fitu í líkama okkar, hefur það áhrif á lífsnauðsynlega virkni sérhvers líffæris í líkama okkar. Þar á meðal endurnýjun frumnanna. Líkamar okkar framleiða yfir 500 milljón frumur á dag. Dr. Budwig bendir á að í nýjum frumum, sem eru að vaxa, er tveggja póla hleðsla (dipolarity) milli jákvæðrar hleðslu frumukjarnans og neikvæðrar hleðslu frumuhimnunnar, með hátt hlutfall ómettaðra fitusýra. Við frumuskiptingu, verða bæði gamla fruman og sú nýja, að innihalda nóg af rafhleðsluríkri fitusýru í frumveggnum, til þess, að skiptin geti átt sér fullkomlega stað. Þegar þetta ferli er rofið, byrjar líkaminn að deyja. Í raun eru þessar iðnaðarfitur og olíur, að slökkva á rafhleðslum frumnanna, og opna fyrir langvarandi og tímabundna sjúkdóma, sem herja á líkama okkar.

Mjög gott dæmi myndu vera æxli. Dr. Budwig tók eftir því, „Að myndun æxla gerist venjulega á eftirfarandi hátt: Í þeim líkamssvæðum, þar sem nýmyndun frumna á sér stað í ríkum mæli, til dæmis í húð og himnum ýmissa kirtla, t.d. í lifur, í brisi eða í kirtlum magans og þarmanna, þá er það þar, sem vaxtarferlið er heft. Þar sem „dipolarity“ vantar, vegna skorts á rafeindaríkri, mjög ómettaðri, fitu, er vaxtarferli frumnanna raskað --- þessar yfirborðsvirku fitur/olíur eru ekki til staðar; og vefurinn verður óvirkur, áður en frumurnar verða fullþroska og aðskiljast; þetta leiðir til æxlismyndunar.“

Hún benti á að hægt væri, að láta þetta ganga til baka, með því einfaldlega, að gefa einfalt mataræði, þ.e. blöndu af kotasælu og hörfræolíu, sem endurbætir þetta staðnaða vaxtarferli. Þetta veldur því náttúrulega, að æxli, sem eru til staðar, þau leysast upp, og alls kyns einkenni koma í ljós, sem gefa til kynna að “dauða rafhlaðan” sé orðin virk. Dr. Budwig hafði ekki trú á, að nota vaxtarhamlandi meðferð á krabbameinsfrumur, eins og lyfjameðferð eða geislun. Það er vitnað til hennar, að hafa sagt “Ég segi hreint út, að venjulegar meðferðir á sjúkrahúsum í dag, á vexti æxla, leiða mjög sennilega til versnandi ástands eða flýta fyrir dauða, og orsaka fljótlega krabbamein hjá heilbrigðu fólki”.

Dr. Budwig komst að því, þegar hún blandaði hörfræolíu (flaxseed oil), með sína öfluglu, náttúrulegu, rafeindaríku, ómettuð fitu, og kotasælu, sem er rík af brennisteins próteini, þá

verður efnahvarf, sem gerir olíuna vatnsleysanlega, og hún kemst auðveldlega inn í frumhinnuna.

Ég fann sögur af fólki, víða að úr heiminum, sem höfðu greinst með krabbamein, tíma-bundið (allar tegundir krabbameins), og verið sent heim til þess að deyja, en voru nú í reynd læknuð og lifðu heilbrigðu, eðlilegu lífi. Ekki aðeins hafði Dr. Budwig notað kenningar sínar til krabbameinsmeðferðar, heldur einnig, sem meðferð við langvarandi sjúkdómum, eins og gigt, hjartadrepi, hjartsláttartruflunum, psoriasis, exemi (öðrum sjúkdómum í húð), ónæmisbrestsheilkenni (MS og aðrir ónæmiskerfis-sjúkdómar), sykursýki, lungna- og öndunarfærasjúkdómum, magasári, lifrarsjúkdómum, blöðruháls-kirtli, heila-blóðfalli, heilaæxli, styrkingu heilastarfseminnar (Brain strengthens activity), æðakölkun og öðrum langvinnum sjúkdómum. Kenningar Dr. Budwigs hafa reynst vel, þar, sem hefðbundin lyfjameðferð hefur ekki dugað.

Þar sem Dr. Budwig nefndi styrkingu á starfsemi heilans, tel ég ekki aðeins að kenningararnar gætu einnig haft áhrif á MS, heldur en einnig ALS “Lou Gehrig's Disease”, Parkinsonsveiki og Alzheimer. Ég tel einnig að þessi matarkúr hefði mest áhrif í byrjun, á sjúkdóma og gæti mjög líklega snúið sjúkdómsferlinu við. Dr. Budwig nefnir, “Sví nokkur hefur sannreynt að engin heilastarfsemi geti átt sér stað, án þrefaldrar ómettaðrar fitu. Án nokkurs vafa, þarf sérhver heilavirkni --- og þetta hefur verið vísindalega sannað --- örvunaráhrif af þrefaldri ómettaðri fitu. Hið sama gildir um taugar og fyrir endurnýjun á virkni, inni í vöðva eftir erfiðisvinnu, í svokölluðum ildunarbata í svefni. Þetta ferli krefst hinnar mjög ómettuðu, sérstaklega rafeindaríkru fitusýru í hörfræolíunni (Flaxseed oil). Svo, þegar ég óska eftir að hjálpa mjög veikum sjúklingi, þá gef ég fyrst þá ákjósanlegustu olíu sem ég hef. Val mitt er hörfræolía”.

Dr. Budwig bendir á, í bók sinni, að hún hafi oft tekið við mjög veikum krabbameins-sjúklingum af spítalanum, sem voru álitnir með aðeins nokkrar klukkustundir eða nokkra daga eftir að ólifaða, og náði mjög góðum árangri með kenningum sínum, í flestum tilfellum. Ég myndi gera ráð fyrir að, sumir þessara sjúklinga, sem hún vann með, væru einnig illa farnir af lyfja- og geislunarmedferðunum. Hún benti á, að hjá sumum þessara sjúklinga, myndi hún byrja meðferð þeirra með stólpípu af 500ml olíublöndu og “að huglæg vitund þeirra um velferð ykist strax”.

Hún benti á, að margir gætu ekki pissað, haft hægðir, eða þegar þeir hóstuðu, væru ófærir um að koma upp slími, en þegar byrjað var, að fara eftir kenningum hennar, byrjaði endurbati hinna lífsmikilvægu þátta strax og sjúklingunum fór um leið, að líða betur. Budwig matarkúrin virðist leyfa krabbameinsfrumunum, að byrja að anda aftur.

Hér eru nokkrar sögur, sem ég fann, mjög áhugaverðar og fannst, að ég ætti að deila með ykkur.

1.

Frá: "Bill og Nancy Parsons"

Dags: fim 2 október, 2003 22:31

Efni: Re: [FlaxSeedOil2] mamma DX með NSCLC 03/08

Halló Elena,

Mér líður mjög vel í mínu tilfelli, og mun fljótlega fara í prófun, sem ætti að gefa endanlegt svar um það hvernig ástand mitt er. Ég var greind þann 8. október, 2002 með mikið brjóstakrabbamein – “lobular infiltrating krabbamein”. Ég byrjaði að sama dag á FO / CC (Flaxseed Oil / Cottage Cheese = Hörfræolú / lágfitu kotasælu). Krabbamein mitt var mjög sársaukafullt í fyrstu - í raun var það þá, sem ég uppgötvaði það, þegar sársaukinn vakti mig kl. 5:00 um morguninn. Ég byrjaði sama dag að borða FO / CC Frá því um miðjan nóvember hefur allur sársauki horfið og ég hef verið sársaukalaus. Æxlið hefur minnkað verulega, og lækningin minn varð mjög undrandi. Þann 14. október mun ég fara í CAT skanna. Ég hef nú þegar farið í PET skanna. Niðurstöður beggja þessara skannana munu segja mér alla söguna.

Í PET skannanum, sprauta þeir sykri og geislavirkum samsætum í æð. Sykurinn fer um allan líkama minn og þar sem er einhvert krabbamein, mun jafnvel sjást, hversu stórt það er. Það er hægt að rekja það, með geislavirkum samsætum. Ég get enn fundið lítið þykkildi á hálsinum og ég held að það sé örvefur (þar sem það hefur verið svo langt síðan ég hef fundið fyrir sársauka). Jæja, nú þegar ég fæ þessar niðurstöður, mun ég fá að vita hvort það er enn krabbamein eða bara örvefur. Ég mun senda þessum hópi niðurstöðurnar mínar, hverjar sem þær verða.

Ég hafði ekki efasemdir um, að byrja á FO / CC meðferðinni, þar sem maðurinn minn fékk mjög stórt og dreift krabbamein í brisi, árið 1994.

Hann reyndi ýmislegt í þessum efnum, en ekkert á sviði læknisfræðinnar (nema þú viljir telja með 3 vikur hans í meðferð IV af Laetrile ?).

Hann tók einnig FO / CC þrisvar sinnum á dag.

Skurðlækni hans til undrunar, varð hann heilbrigður eftir 5 mánuði. Eftir aðgerðina hafði skurðlæknirinn sagt okkur að hann myndi deyja, og hann gæti lifað 3 til 6 mánuði - 3 myndu vera líklegir.

Hann hafði orðið veikur í lok desember 1993 og var inn og út af spítalanum þar til 25. maí, þá var hann skorinn upp til rannsóknar, og fékk þessa slæmu niðurstöðu, sem ég greindi frá hér að ofan. En eftir að við komum heim og hann byrjaði á blöndunni, fór honum bara að batna. Ég gerði ferskan grænmetissafa og gaf honum 360 ml á 2 klst. fresti. Og við fylgdum síðan matarkúrnum nákvæmlega - ekkert kjöt, ekkert svínakjöt, enginn sykur, engin unnin matvæli af neinu tagi, osfrv. og hann hélt bara áfram að verða betri.

Að lokum, í nóvember 1994, skrifaði ég til skurðlæknisins og spurði hann, hvort hann gæti ráðstafað tölvusneiðmyndatöku, þegar við kæmum til fundar til hans 5. desember 1994.

Hann gerði það og þegar hann kom til að gefa okkur skýrslu, hristi hann bara höfuðið. Hann sagði: “Ég veit ekki hvað ég á að segja ykkur gott fólk, en það er ekkert krabbamein á ferðinni. Ég fékk jafnvel röntgensérfræðing, til þess að koma og lesa með mér úr niðurstöðunum og við getum ekkert óeðlilegt séð þar af neinu tagi”. Með svona hvatningu, fannst mér, að ég ætti í grundvallaratriðum að gera það sama. Nema, að í millitíðinni, hef ég lært miklu meira um FO / CC, þannig, að ég tileinka mér það í miklu ríkari mæli. Ég held að þú gætir sagt, að ég hafi sett öll eggin mín í eina körfu. Ég veit að þetta er orðið nokkuð langt bréf, og það þykir mér miður. Ég vona að þetta hjálpi móður þinni. Maðurinn minn var 54 árs, þegar hann veiktist. Hann er enn hress og er enn hjá mér í dag. Vona að þetta hjálpi, Nan.

2.

Það er getið um sortuæxli í bók Dr. Budwigs “Der Tod des Tumors” (Dauði æxlis) bls.85.

Ég vil nefna hér fyrsta kaflann, í lauslegri þýðingu:

Sortuæxli var skorið úr öðru lærinu á frú Harriett. Um einu og hálfu ári síðar hafði hún fengið eitlameinvarp í vinstra gagnaugað, sem var meðhöndlað með geislun. Fjórum mánuðum síðar hafði hún fengið eitlameinvarp vinstra megin á hálsinn, sem var einnig meðhöndlað með geislun. Tveimur mánuðum eftir þetta hafði hún fengið nokkur meinvörp víða í húðina. Það er þá, sem hún kom til Dr. Budwigs, augljóslega að eigin frumkvæði. Hér á eftir eru brot af bréfi frá lækni konunnar til Dr. Budwigs:

„Sjúklingurinn minn, frú Harriett, hefur nýlega verið meðhöndluð af þér ...

Nákvæm saga með dagsetningum fylgdi, en er hér eins og lýst er að ofan, án dagsetninga. ... Að lokinni meðferð þinni, voru allir eitlar og húðmeinvörp í rénun. Einnig voru allar vísbendingar blóðprófa eðlilegar. Ég hef aldrei séð þetta gerast með dreifð, illkynjuð, sortuæxli. Ég myndi vera afar þakklátur, ef þú gætir sagt mér hvaða meðferð þú notaðir. Þar sem ég hef aðra sjúklinga með sama sjúkdóm, ég vildi ég mjög gjarnan senda þér þá og lengja þannig líf þeirra. Hins vegar myndi ég einnig eðlilega meðhöndla þessa sjúklinga gjarnan hér, ef þú myndir kenna mér aðferðina, sem þú notaðir.“

---

Ofangreindar upplýsingar fannst mér mjög athyglisverðar, en ég áttaði mig ekki á því, hvers vegna áhrifin, á líkamann væru svona öflug, með því að sameina hörfræolúu og kotasælu. Ég held ég hafi fundið ástæðuna og hún er nefnd hér, í nokkrum mismunandi brotum úr bók hennar.

Eftirfarandi útdráttur er úr bók Dr. Budwigs „Flax Oil As A True Aid Against Arthritis, Heart Infarction, Cancer And Other Diseases“, (Hörfræolía, raunhæf hjálp gegn liðagigt, hjartaáfalli, krabbameini og öðrum sjúkdómum), sem var þýdd úr þýsku yfir á ensku. Þessi

bók er nauðsynleg lesning fyrir alla, sem reyna að lækna sig af tímabundnum eða langvarandi sjúkdómum.

Dr. Budwig staðhæfir, “Það sem við þurfum í Evrópu í dag, í Þýskalandi sem og í Sviss, Bandaríkjunum og Frakklandi, í raun eru rafeindaríkar, mjög ómettaðar fitur. Í því augnabliki, þegar tveir ómettaðir tvöfaldir tenglar koma saman í fitusýrukeðju, eru áhrifin margföld og í mjög ómettaðri fitu, svokallaðri “línóleinsýru”, þá myndast rafeinda-svið, raunveruleg rafhleðsla, sem getur fljótlega verið skilað inn í líkamann, þannig valdið hleðslu á lifandi efni --- einkum í heila og taugum. Það eru einmitt þessar, mjög ómettuðu fitusýrur, sem gegna lykilhlutverki í öndunarstarfsemi líkamans. Án þessara fitusýra, geta ensím, tengd andardrættinum, ekki starfað og við köfnum, jafnvel þegar gefið er auka súrefni, eins og dæmi eru til á sjúkrahúsum. Skortur á þessum, mjög ómettuðu, fitusýrum lamar marga líkamsstarfsemi. Fyrst og fremst útilokar það loftið, sem við öndum að okkur. Við getum ekki lifað án lofts og matar og við getum ekki lifað, án þessara fitusýra --- það er fyrir löngu sannað”.

Í bók Dr. Budwig dregur hún fram önnur áhugaverð atriði, og hvernig rafeindarík fita hefur áhrif á aðra líkamsstarfsemi. Ég vil nefna þau, en mun ekki fara í nein smáatriði, þar sem hver og einn getur keypt bækur hennar (sjá t.d. [Alibris.com](http://Alibris.com)), og kynnt sér efnið frekar, en kemur fram í þessari grein.

Skortur á rafeindaríkri ómettaðri fitu hefur áhrif á:

- Virkni öndunarfæraensíma - það er í rauninni sannað, að mjög ómettaðar fitusýrur eru hinn óþekkti, afgerandi þáttur í, að ná tilætluðum áhrifum við örvun frumuöndunar:
- allra kirtla í líkamanum
- heilastarfsemi m.a. huglægt og andlega
- frammistöðu barna í skólum
- virkni hjartans - rétt stjórn á hjartanu
- ófrjósemi í hjónaböndum
- siðferðis- og hegðunarvandamálum
- kynferðisleg sambönd
- frumuskiptingu
- myndun æxlis
- inntöku á röngum fitum - menn vilja borða sex sinnum meira magn, en þeim er eðlilegt af mat.

Í bók sinni tekur Dr. Budwig einnig fyrir, tengslin milli fitutengdra sjúkdóma, rafeinda, ljóseinda og orkunnar frá sólinni.

Hún benti á, að sólin er ótæmandi uppspretta orku og lífspátta, sem hefur áhrif á líkamsstarfsemina. Þetta má að hluta rekja til ljóseindanna í sólarljósinu, sem eru hreinasta form orku, hreinar bylgjur, og á stöðugri hreyfingu. Dr. Budwig nefnir; “rafeindir eru stór þáttur málsins, jafnvel þótt þær séu einnig á stöðugri hreyfingu, og rafeindir elska ljóseindir, og

dragast þær hvorar að hinum, vegna segulsviðs þeirra beggja. Það er ekkert annað á jörðinni með hærri þéttleika ljóseinda af orku sólarinnar heldur en maðurinn. Þessi þéttleiki af sólarorkunni með einstaklega hentuga bylgjulengd --- sem er mjög mikilvæg orkueining fyrir menn, --- sem nýtist vel, þegar við borðum rafeindaríkan mat, sem síðan laða að ljóseindir úr rafsegulbylgjum sólargeislananna.

Hátt magn þessara rafeinda, sem eru á öldulengd sólarorkunnar, er að finna, td. í fræolíum. Vísindalega, eru þessar olíur jafnan þekktar, sem rafeindaríkar, mjög ómettaðar fitur. En þegar menn fóru að meðhöndla fitur, til að gera þær endingarbetri, þá staldraði enginn við, og hugleiddi um afleiðingar þessa, fyrir tilvist og frekari þróun mannkynsins. Þetta afar mikilvæga magn rafeinda, á stöðugri hreyfingu og dásamlegu virkni við ljósið, var eytt”.

Dr. Budwig tók eftir, þegar hún var með sjúklinga til meðferðar í sólinni, að þeim fór að líða miklu betur og endurnærðust. Hún telur sólina hafa örvandi áhrif á seyti í lifur, gallblöðru, brisi, þvagblöðru og munnvatnskirtlum. Dr. Budwig sagði líka „Efni hefur alltaf sína eigin tíðni, og það hefur auðvitað lifandi líkami einnig. Frásog á orku skal samsvara eigin bylgjulengd“. Það virðist víst að sólarljós er algerlega nauðsynlegt til að örva áhrif líkamsstarfsemi á huga og líkama, sem stuðla að þeim þáttum, sem leyfa líkamanum að lækna sig sjálfan.

Dr. Budwig hefur nefnt, að læknar segi sjúklingum og krabbameinssjúklingum að forðast sólina eins og þeir geta, þar sem þeir þoli það ekki, og það er rétt. Hún segir að þegar þessir sjúklingar byrji á olíu-prótein næringarráðgjöf hennar í tvo til þrjá daga, sem þýðir að þá hafi þeir fengið nægilegt magn af ómissandi fitu, þá geti þeir þolað sólina mjög vel. Hún sagði að þá segi sjúklingar henni, hversu miklu betur þeim finnist eins og orka þeirra og þróttur örvist.

Að lokum skal nefnt það atriði Dr. Budwigs, og ef til vill það mikilvægasta, að rafeindir í mat okkar, þjóna sem endurómun fyrir orku sólarinnar og eru sannarlega snar þáttur í lífinu. Maður virkar eins og loftnet í sólinni. Samspil milli ljóseinda í sólargeislanum og rafeinda í fræolíum og matvælum okkar, stjórnar allri hinni mikilvægu virkni í líkamanum.

Þetta hlítur að vera ein af stærstu uppgötvunum allra tíma, þar sem þetta samspil stuðlar að lækningu langvarandi og tímabundinna sjúkdóma. Í bók Dr. Budwigs segir: „Ýmsum vel þjálfuðum og vel menntuðum einstaklingum er brugðið og þeir ergilegir, yfir því að alvarlega sjúkdóma má lækna með kotasælu og hörfræolíu“.

Með blöndu af olíunni og kotasælu myndast efnahvörf á milli brennisteins próteins í kotasælunni og olíunni, sem gerir olíuna vatnsleysanlegri, til að auðvelda upptöku í frumur líkamans.



## **Kenningar Budwigs (Matarkúrin)**

Aðeins má nota hörfræolíu, sem geymd hefur verið í kæli verslunar. Notið aldrei hylki, flögur eða hörfræolíu úr hillum. Olíuna þarf að geyma í kæli, og athuga endingartíma til að tryggja að hún hafi ekki runnið út. Ég myndi ekki nota High Lignan Flax Oil, vegna þess að bragðið er ekki hreint og þú getur ekki verið viss um, hvort hún er farin að þrána. Þeir hafa ekki aðskilið hýðið frá, þegar fræin voru pressuð, og það hefur botnfallið í flöskunni, og þess vegna er minna magn olíu. Þú vilt fá góða og bragðhreina olíu, sem engum bragðefnum hefur verið bætt í, eins og sumar olíur eru með.

Blöndunarhlutfallið er tvær matskeiðar af kotasælu og ein matskeið af olíu. Blandaðu aðeins það magn sem þú ert að neyta í einu, svo það sé ferskt í hvert sinn. Annað dæmi myndi vera að blanda (4) matskeiðum af kotasælu saman við (2) matskeiðar af hörfræolíu, nýtt tvisvar á dag eða oftár, það fer eftir alvarleika heilsufars, sem hver og einn er að takast á við. Menn ættu sennilega að byrja rólega með olíuna, kannski bara einu sinni á dag og vinna sig upp og láta líkamann aðlagast matarkúrnum. Olíunni og kotasælunni á að blanda mjög vel saman á litlum hraða, nota Immersion blandara (t.d. töfrasprota) þar til áferðin er kremkennd og engir olíudropar sjáanlegir).

### **Blöndunnar ætti að neyta strax !!**

### **Ekki bæta neinu við blönduna, fyrr en eftirá!!**

Við höfum alltaf mælt með, að nota töfrasprota við blöndu á hörfræolíunni og kotasælunni. Það er vel til fundið að strá einni til tveimur matskeiðum af nýmöluðum hörfræjum yfir nýblandaða hörfræolíu og kotasælu. Blanda þetta saman í höndunum (t.d. með sleif). Þetta er frábær viðbót við matarkúrinn. Ekki kaupa hörfræ, sem búið er að mala, því hörfræin þrána 15 mínútum eftir að búið er að mala þau. Brún eða Golden, heil, hörfræ eru í boði í heilsuvöruverslunum, og hvort tveggja gagnast. Þú getur malað ferskt hörfræ með venjulegri kaffikvörn. Geymdu fræin í kæli og malaðu í hvert skipti, sem þú ætlar að nota þau.

Þú getur einnig blandað út í með skeið 1-2 matskeiðum af lífrænni lágfitu mjólk og búið til léttara þykkni. Þetta er hægt að blanda í höndunum eftir fyrstu blöndun með töfrasprotanum. Blandan getur verið bragðbætt öðruvísi á hverjum degi með því að bæta hnetum, helst lífrænum eins og pekan, möndlum eða valhnetum (ekki jarðhnetum), banönum, lífrænu kakói, lífrænt rifnum kókoshnetum, ananas (ferskum), bláberjum, hindberjum, kanil, eða nýpressuðum ávaxtasafa. Það er yfirleitt best að setja ferska ávexti ofan á blönduna og njóta, eins og eigin máltíð væri. Reyndu þitt besta til að fá lífræna ávexti, þegar mögulegt er. Oft má finna þá frosna, þegar ferskir ávextir eru ekki til.

Dr. Budwig ráðleggur fólki, sem þjáist af langvarandi eða tímabundnum sjúkdómi, að vinna sig upp í að neyta 4-8 msk af olíu á dag. Yfirleitt eru hærri mörkin 6 - 8 msk ætluð fyrir fólk með krabbamein. Hún tekur fram, að fólk með lifrar- eða briskrabbamein t.d., gæti þurft að vinna sig mjög hægt upp með olíu og hugsanlega byrja aðeins með 1 teskeið

Í einu og gefa líkamanum tíma til að stilla sig af. Dr. Budwig benti á að krabbameins-sjúklingar, sem einu sinni byrja á matarkúrnum og ná árangri, verði að halda áfram með viðhaldsskammt, til þess að koma í veg fyrir að sjúkdómurinn taki sig upp á ný. Viðhaldsskammtur er talin vera (1) msk af olíu á hver 45 kg líkamsþyngdar. Budwigs Matarkúrinn tekur tíma að virka og í krabbameinstilfelli, æxlis, o.þ.h. getur tekið 3-6 mánuði að sjá árangur. Í mörgum öðrum tilfellum getur árangur skilað sér miklu fyrir.

Hérna er mjög góð YouTube Video mynd, sem reyndar sýnir hvernig á að gera hörfræólíu og kotasælu blönduna rétt. Þegar byrjað er á matarkúrnum, þarftu ekki, að gera jafn mikið í fyrstu, eins og sést í myndskaiðinu.

Hér er tengill á YouTube síðu:

<http://www.youtube.com/watch?v=RSoddptWL0s>

Ef þú ert með mjólkursykuróþol, getur þú prófað eftirfarandi. Þar sem venjuleg mjólk er gerilsneydd, er búið að eyða gagnlegum bakteríum og ensímum, bæði í mjólkinni og mjólkurafurðum. Þetta hefur leitt til þess að fjöldi fólks á í vandræðum með að þola kvark eða kotasælu.

Mjólkurvörur er mikilvægur þáttur í olíu-protein mataræði Dr. Budwigs. Þar sem erfitt er að finna eitthvað í staðinn, er það þess virði fyrir þá, sem eru með mjólkuróþol, að prófa mismunandi leiðir til að þola mjólkurvörur.

Nokkrir möguleikar (í engri sérstakri röð):

Nota hrámjólk og hrámjólkurvörur, ef þú getur fengið þær.

Nota geitamjólk, í staðinn fyrir kúamjólkurvörur.

Taktu ensímið, laktasa, með kvark eða kotasælu.

Prófaðu Nancy's Cottage Cheese sem gert er með mjólkursýru gerlum.

Fyrir frekari upplýsingar um verslun Locator, farðu á þessa vefsíðu:

<http://www.nancysyogurt.com/contact/faq.php>

Gerðu jógúrt Quark (uppskrift undir "Matvæli" í skrá)

Gerðu kefir Quark (síðu kefirinn til að fá rjómaosts áferð)

Fáðu þér kefirkyrni, búðu til kefir, fjarlægja kornin, og síðu gegnum fínan mussulin klút.

Til að fræðast meira, leitaðu þá á Google, að "kefir", það mun gefa þér margar niðurstöður.

FSO2 meðlimur, Cheryl du Toit, segir þetta um kefir í skilaboðum nr. 29710:

„Kefir kotasæla (eða Kvark) er örugglega góð lausn fyrir fólk með mjólkursykursóþol. Þetta virkar eins og töfrar“.

Ef maður vill ekki búa til kefir, er hægt að finna það í kælihillum heilsuvöruverslanna. Lífrænn Kefir kemur í vökva formi og hörfræolíunni má hræra saman við og neyta. Það bragðast mjög vel. Gakktu úr skugga um, fyrir neyslu, að olían sé algerlega uppleyst í kefirnum. Þú ættir að athuga í heilsuvöruversluninni og sjá hvort þeir hafi kefirost, svipaðan kotasælu, sem ætti að virka, svo lengi sem hörfræolían samlagast og flýtur ekki ofan á blöndunni.

Sé um að ræða sjúkling, sem nærast í gegnum slöngu er hægt að blanda hörfræolíuna og lífrænan kefir, handvirkt, eins og getið er hér að ofan. Síðan er blöndunni hellt inn í slönguna. Aftur, þetta er hægt að gera með ¼ bolla kefir og 1 matskeið af hörfræolíu, og gefið yfir daginn á mismunandi tímum. Þú getur jafnvel notað aðeins meiri olíu úti þennan ¼ bolla kefir. Eins gæti þurft að breyta hlutfalli blöndunnar, til að ná tilætluðum árangri. Gakktu úr skugga um að það sé engin olía fljótandi ofan á kefirnum, áður en hellt er í slönguna.

Dr. Budwig getur þess, áður en hún gaf út matarkúrinn, að þá hafi hún tekið eftir, að við blóðgreiningu alvarlega veikra krabbameinssjúklinga, sást undarlega græn-gult efni, í stað heilbrigðs rauðs, súrefnisríks, blóðrauða. Hún fann að blóð þeirra, án undantekningar, var áfátt um efni, sem kallast fosfatíðar og lípóprótein. Það hefur einnig komið í ljós, að flestir hafa blóð, sem er 80% áfátt af Omega 3. Dr. Budwig komst að því, að blóð krabbameinssjúklings varð aftur skær rautt og æxlin byrjuðu að hverfa, eftir þriggja mánaða notkun á kúrnum hennar. Veikleiki og blóðleysi hvarf og lífsorkan endurnýjaðist. Einkenni krabbameins, truflun á lifrarstarfsemi og sykursýki voru alveg upprætt.

Þess hefur verið getið í ýmsum greinum, að hafi einu sinni verið náð stjórn á langvarandi eða tímabundnum sjúkdómi, þá sé hægt, að minnka magn hörfræolíu í (1) matskeið fyrir hver 45 kg líkamsþyngdar, til að viðhalda stöðunni. Til þess, að koma í veg fyrir endurkomu krabbameins, ætti viðkomandi að halda sig við viðhaldsskammtinn.

Ef jógúrt er notað í stað kotasælu, þá þarf 3 sinnum meira jógúrt, heldur en kotasælu, þar sem jógúrtina vantar próteinstyrkleika kotasælnnar. En jafnvel þá, er ekki víst, að þetta sé eins árangursríkt. Það vekur spurningu, hvers vegna Dr. Budwig ræddi aldrei þetta mál. Jógúrtin verður að vera með lifandi gerlum, en ekki eins og hún er í matvörubúðum. Dæmi um að nota jógúrt, væri ¾ bolli af jógúrt og 1 matskeið af hörfræolíu.

Eftirfarandi atriði, sem talin eru upp hér að neðan ætti að forðast í þessum matarkúr. (Ástæða þess, að nauðsynlegt er að útiloka þessi atriði úr matarkúrnum, er að þau hafa áhrif á matarkúrinn, með því að lækka spennusviðið í frumunum).

Sykur

Öll dýrafita

Allt kjöt

Smjörlíki

Smjör

Salat dressing olíu - undantekning er olífuolía með balsamic ediki eða sítrónu

Matvæli með miklu af rotvarnarefni

### **Matarkúr Dr. Budwig**

Matarkúr Dr. Budwig er að finna í bók hennar: The Oil Protein Diet Cook Book - það er hægt að kaupa hana frá [www.amazon.com](http://www.amazon.com) fyrir ca. \$ 10,00. Eftirfarandi dæmi úr matarkúrnum er að finna í bók Dr. Budwigs.

Flest fólk byrjar smám saman að bæta heilbrigðum matvælum og vökva við fæðu sína og uppræta þannig skaðleg áhrif á sjálft sig. Mataræði virðist einfalt, en matvæli eru öflug og geta skemmt eða læknað mann. Þessi matarkúr Dr. Budwigs hefur gefið árangur í yfir 90% tilfella, á sjúklingum með alls kyns krabbamein, að sögn þeirra, sem hafa rannsakað og fjallað um verk hennar í Þýskalandi á 50 ára tímabili. Margar rannsóknir, sem unnar hafa verið á síðustu tíu árum, vegna baráttunnar við krabbamein, styðja við gildi matvæla, safe, sólbaða og slökunar, sem Dr. Budwig mælti með. Það eru margar sögur í skrá af FSO2 hópnum, skrifaðar af meðlimum, sem hafa endurheimt heilsu sína með því að fylgja þessum matarkúr, eftir að hafa verið greindir með krabbamein – mörg þeirra tímabundin.

Til að skoða skrárnar, smelltu hér:

<http://health.groups.yahoo.com/group/FlaxSeedOil2/files/>.

Fyrir fæðuupplýsingar, smelltu hér:

<http://health.groups.yahoo.com/group/FlaxSeedOil2/files/>.

Eftirfarandi eru nokkur brot úr ofangreindum tengli.

Til að hefja matarkúrin, hjálpar það til, að hafa eftirfarandi þrjú tæki:

1. tækið, er kaffikvörn, til að mala heil, brún, hörfræ, sem seld eru í heilsuvöruverslunum eða á netinu. Í matarkúr Dr. Budwigs notar hún 2-3 matskeiðar daglega af möluðu hörfræi. Hörfræið á að nota strax og það hefir verið malað. Það á að neyta þess innan 15 mínútna, frá því að það er malað, áður en það byrjar að þrána. Það nýtist vel í morgunkorn, hafra-mjölshristing (shake) o.fl.

2. tækið, er töfrasproti, til að blanda hörfræolíunni [FO] og kotasælunni [CC] saman, þannig að þau renni saman í eitt og þannig verði olían gerð vatnsleysanleg og auðveldari í upptöku fyrir frumur líkamans.

3. tækið, sem þarf, er grænmetispressa. Venjuleg berjapressa (masticating) gefur meira heilsuþætandi safe, heldur en pressa, sem byggir á miðflóttafli (centrifugal). Kaup grænmetispressu er algerlega nauðsynleg.

Sjúklingar með krabbamein í lifur, gallblöðru eða brisi, gætu þurft að byrja með minna magn af olíu og byggja hægt og rólega upp ráðlagðan skammt Dr. Budwigs. Aðlögunar-matarkúra er að finna í FSO2 (sjá linkinn) eða í bók Dr. Budwigs.

<http://health.groups.yahoo.com/group/FlaxSeedOil2/files/>

SÓLSKIN – Sólargeislar á húðina eru mjög heilsubætandi, vegna D-vítamíns og annarra bætandi þátta, en forðastu sólbruna, ef þig langar til að fara í sólbað.

**ÆFÐU ÞIG; GERÐU ÞAÐ Í SAMRÆMI VIÐ STYRK ÞINN OG ALDREI OF MIKIÐ.**

Dr. Budwig lagði ekki áherslu á líkamsæfingar, henni fannst að maður þyrfti hvíld til að ná heilsu. Svo farið varlega. (Fyrir þá sem geta nýtt sér, auk göngu, þá er „rebounder“ (lítið, hringlaga trampoline) gagnlegt fyrir eitlakerfið, hjartað og blóðrásina). Slökun í sólinni, ef mögulegt er, dregur úr streitu og er bætandi - útivist, tónlist, spjall, hlátur (Á dögum, þegar þú getur ekki verið í sólinni, þá styður hágæða, kaldhreinsað þorskalýsi við D-vítamín-búskapinn og aðra bætandi þætti).

**DR. BUDWIG LEGGUR ÁHERSLU Á, AÐ ÞAÐ SÉ MJÖG MIKILVÆGT, AÐ FORÐAST ÓHOLLAN MAT,** svo sem herta fitu, dýrafitu, sykur, hvítt hveiti, rotvarnarefni, kemísk efni og unnin matvæli. Forðastu afganga – matar ætti neyta strax (innan 15-20 mínútna) eftir að hann er matreiddur, til að nýta heilsugefandi rafeindir & ensím. Drekkið heita drykki að minnsta kosti 3 sinnum á dag, t.d. grænt te eða jurtate, gert sætt, aðeins með hráu hunangi. Haldið matardagbók. Forðastu streitu og kvíða, og á hverjum degi, taktu þér tíma til að slaka á og njóta. Hlustið á fallega tónlist, hlæið, andið djúpt, farið út í náttúruna, og eyðið tíma með fólki, sem ykkur líkar. Dr. Budwig talaði um skaðleg áhrif streitu. Að auki, tekur hún ekki með nein aukaefni né lyf í matarkúrnum sínum. Sum aukaefni, sérstaklega mikið magn af andoxunarefnum, geta haft áhrif á hversu vel matarkúrin virkar, sama geta einnig sum lyf gert.

Í matarkúr sínum notar Dr. Budwig einnig Eldi R Olíur og olíupakka (sjá síðar), til hjálpar við lækningu á langvarandi og tímabundnum sjúkdómum. Dr. Budwig þróaði Eldi Olíur (Electron Differentiation oils) með nákvæmum litrófsfasa mælingum, með upptöku af ljósi í mismunandi olíum. Eldi olíur hafa ákjósanleg áhrif á „endurstillingu“ efnaskipta hjá fólki, sem er veikt. „Endurstillingar“ áhrifin snúa að myndun súrefnis og orku innan kerfisins. Orka sólarinnar endurómar (gerið það sama) með rafrænu orkunni, sem búin er til með hörfræolíu og kotasælu blöndunni, og Eldi olíur gera nákvæmlega það sama, þegar þær eru notaðar útvortis á húð eða í endaparm með stólpípu. Þegar sett er í endaparm, virðist hún hafa notað frá ½ bolla til 1 bolla af olíu á dag. Það virðist sem menn haldi olíunni í um 15-20 mínútur áður en henni er skilað. Ég held, að almenn skynsemi verði að ráða í þessum efnum. Ef Eldi olíur eru ekki tiltækar, má nota hörfræolíu.

Eftirfarandi kúr, um hvernig Dr. Budwig notaði Eldi Oil R, var sendur til mín frá Þýskalandi af Wolfgang Bloching. Eldi Olía R er nauðsynleg í þessum heilsukúr. Wolfgang benti einnig á, að ef þörf krafði, þá notaði Dr. Budwig Eldi Oil R í endaparm. Þetta var

notað fyrir mjög veika. Olíurnar er hægt að kaupa frá Wolfgang, með því að hafa samband hann á e-mail: [Wolfgang.Bloching@t-online.de](mailto:Wolfgang.Bloching@t-online.de)

### **Dr J. Budwig Eldi OEL R (Eldi Oil R): Leiðbeining um notkun**

Tvisvar á dag, þ.e. kvölds og morgna, nuddið Eldi Oil R inn í húðina um allan líkamann, með áherslu á herðar, handarkrika, brjóst og nára (þar sem sogæðarnar eru) og einnig á sjúk svæði, eins og til dæmis í brjóstum, maga, lifur, osfrv. Látið olíuna vera á húðinni í um 15-20 mínútur. Farið þá í heita sturtu, án sápu. Í framhaldi af því, takið þá aðra sturtu, og notið í þetta sinn milda sápu. Hvílið síðan í 15-20 mínútur. Tilgangurinn með sturtunni, eftir að líkaminn hefur verið olíuborinn og Eldi Olían hefur borist inn í húðina, er að heita vatnið opnar svitaholurnar, þannig að olían komist aðeins lengra inn í húðina. Seinni sturtan, í þetta sinn með sápu, er til þess, að þrifa yfirborð húðarinnar, svo að föt og rúm-fatnaður óhreinkist ekki of mikið.

Notið alltaf Eldi Oil R í tengslum við olíu-protein matarkúr Dr. Budwigs og gerið þetta stöðugt, jafnvel þótt það virðist stundum vera erfitt. olíu-protein matarkúrinn, ásamt Eldi Olíu er gagnleg aðferð, til að bæta vandamál og veikindi til langs tíma.

Eldi Olíur, sem eru í litlum flöskum, 95 ml innihald, eru allar ilmbættar og innihalda, eins og Eldi Oil R, aðeins mjög ómettaðar fitusýrur, en þær eru of dýrar, til þess að nota á allan líkamann. Þeim er ætlað að vera notaðar með eftirfarandi hætti, til dæmis:

Eldi OEL photo activ, aðeins fyrir andlit.

Eldi OEL Rose, á líkama konunnar.

Eldi OEL tart neu, á líkama karlsins.

Eldi OEL H-activ, aðeins fyrir brjóstsvæðið (hjarta) o.fl.

Eldi OEL balsamicum Salbei er aðeins fyrir „olíupakka“. Takið hreina bómull 100% eða bómullarklút. Klippið þetta í viðeigandi stærð fyrir líkamshlutan, til dæmis fyrir hné. Bleytið bómullina með olíunni, setjið á hnéð, þekið bómullina með plastfilmu og vefjið með teygjubindi. Látið það vera á yfir nótt. Fjarlægðu þetta að morgni og þvoðu hnéð. Endurtaktu það að kvöldi og gerðu þetta í nokkrar vikur. Þú getur líka notað Eldi Oil R í þessar staðbundnu meðferðir. Olíupakkarnir eru aðeins ætlaðir við staðbundin vandamál (ekki meinvörp).

Aðeins þrjár af bókum Dr. Budwigs hafa verið þýddar úr þýsku yfir á ensku á þessari stundu. Til frekari upplýsinga um hvar hægt er að kaupa bækur Dr. Budwigs, kíkið á vefsíðurnar hér fyrir neðan. Það var mjög erfitt að finna þriðju bókina, sem er nýlega útgefin: „Flax Oil As A True Aid Against Arthritis, Heart Infarction, Cancer And Other Diseases“, þ.e. Hörfræolía sem raunveruleg hjálp við liðagigt, hjartaáfalli, krabbameini og öðrum sjúkdómum - hægt er að kaupa hana á netinu, [www.amazon.com](http://www.amazon.com) eða [Alibris.com](http://Alibris.com)

“The Oil Protein Diet Cook Book” - hægt er að kaupa hana á netinu, [www.amazon.com](http://www.amazon.com)

“Cancer- The problem and the Solution”, þ.e. Krabbamein – vandamálið og lausnin, - hægt er að kaupa hana á netinu, t.d. hjá: [www.emis.de/journals/NNJ/Bookshop-Intro.html](http://www.emis.de/journals/NNJ/Bookshop-Intro.html)

Ég vona að þessar upplýsingarnar muni hjálpa þér eða ástvini þínum. Fyrir frekari upplýsingar, þá mæli ég mjög með:

<http://health.groups.yahoo.com/group/FlaxSeedOil2/files/> .

Þeir hafa safnað nokkrum af bestu upplýsingum í heiminum um kenningar Dr. Budwigs, og eru færir um að svara flestum spurningum, sem þú kannt að hafa um efnið.

Please Support Alternative Cancer Research:

The Cancer Tutor website is closely affiliated with the Independent Cancer Research Foundation, Inc (ICRF). The ICRF is one of the premiere alternative cancer treatment research organizations. Please support their research: Independent Cancer Research Foundation, Inc.

Please email your friends about this site, and link to this site on your web page!

Click here to read the FDA required disclaimer: [www.cancertutor.com/Disclaimer.html](http://www.cancertutor.com/Disclaimer.html)

Click here to read about the CancerTutor webmaster: [www.cancertutor.com/AboutMe.html](http://www.cancertutor.com/AboutMe.html)

## Links



- [Sponsors](#) [Cancer and Health](#)  
[Bookstore](#) [Home Page](#) [Home Page](#) [Selected Cancer](#)  
[Treatments](#) [Collect-Budwig](#) [Cesium Chloride](#) [Bill](#)  
[Henderson](#) [LifeOne](#) [Oleander](#) [Frequency](#)  
[Generators](#)  
[\(Rife Machines\)](#) [Grape Cure](#) [Ozone](#) [RHP](#) [Hydrazine](#)  
[Sulphate](#) [Aloe](#)  
[Arborescens](#) [Hydrogen](#)  
[Peroxide](#) [Limu Juice](#) [Bob Beck Protocol](#) [Barefoot Calcium](#) [Raw Food](#)  
[Diet](#) [Lorraine Day](#) [Wheatgrass](#) [Essiac Tea](#) [Gerson Clinic](#) [Kelley](#)  
[Metabolic](#) [Laetrile](#) [The Treatment of](#)  
[Stage IV Cancers](#)  
[\[My Free eBook\]](#) [Inexpensive](#)  
[Cancer Treatments](#) [Urgent Warnings](#)  
[\[Must Read\]](#)  
[Natural Cancer](#)  
[Clinics](#) [Alternative](#)  
[Cancer Clinics](#) [Best German](#)  
[Natural Clinics Info](#) [Best Mexican](#)  
[Natural Clinics Info](#) [Best U.S.](#)



[Natural Clinics Info](#) [Cancer Seminars Florida Seminar](#)  
[Hands-On Training](#) [Key Topics Independent](#)  
[Cancer Research](#)  
[Foundation, Inc.](#)  
[The Safe Use of](#)  
[Chlorine Dioxide](#)  
[How to Prevent](#)  
[Cancer](#) [Cancer Articles](#) [Treatment of:](#)  
[Stage I-III Cancers](#) [The Cancer Diet](#) [Patients Who Cannot](#)  
[Eat Whole Foods](#) ["Type of Cancer"](#)  
[Articles](#) [Adenocarcinoma](#) [Bone Cancer](#) [Bone Marrow](#)  
[Cancers](#) [Brain Cancer](#) [Breast Cancer](#) [Colon Cancer](#) [Esophageal](#)  
[Cancer](#) [Gallbladder](#)  
[Cancer](#) [Leukemia](#) [Liver Cancer](#) [Lung](#)  
[Cancer](#) [Lymphoma](#) [Melanoma](#) [Mesothelioma](#) [Multiple Myeloma](#) [Pancreatic](#)  
[Cancer](#) [Prostate Cancer](#) [Rectal Cancer](#) [Skin Cancer-Cansema](#) [Skin Cancer-](#)  
[Oils](#) [Skin Cancer-Vit C](#) [Squamous Cell](#)  
[Carcinoma](#) [Stomach Cancer](#) [Throat Cancer](#) [Other Articles](#) [Introduction to](#)  
[Alternative](#)  
[Cancer Treatments](#)  
[\[Free eBook\]](#) [The War in Medicine](#)  
[\[Free eBook\]](#) [Cancer Theory](#) [Keep Your](#)  
[Brain Alive](#)  
[\(Anti-Aging\)](#) [Gift Shop](#) [Book Information](#) [Cancer - Step](#)  
[Outside the](#)  
[Box - Info](#) [Your Road to](#)  
[Health - Info](#) [Beating Cancer](#)  
[Gently - Info](#) [Cancer Confidential](#)  
[- Info](#) [Natural Cancer](#)  
[Remedies ... That](#)  
[Work! - Info](#) [Encyclopedia of](#)  
[Medical Breakthroughs](#)  
[- Info](#) [Other Health](#)  
[Conditions](#) [Diabetes - Type 1](#) [Diabetes - Type 2](#) [AIDS - HIV](#) [Depression](#) [Lyme](#)  
[Disease](#) [Flu - All Types](#) [Alzheimers](#) [Multiple Sclerosis](#) [Parkinsons](#) [Heart](#)  
[Issues](#) [Spinal Cord](#) [Menieres Disease](#) [Fibromyalgia](#) [Sinusitis](#) [Autism](#) [For](#)  
[Pregnant](#)  
[Women](#) [Key Links](#) [Stage IV Treatments](#) [Strong Stage III Treat](#) [Stage I, II, III](#)  
[Treat](#) [Critical Articles](#) [F.A.Q.](#) [Other Cancer Websites](#) [Other Diseases](#) [Other Links](#)

Frumtexti á ensku: <http://cancertutor.com/Cancer/Budwig.html>

Íslenskur texti: Lokið í janúar 2011, Guðbjartur Sturluson, [gustur@gustur.is](mailto:gustur@gustur.is)